

47
28. apríl

S A M Þ Y K K T

um

hreppsvegi í Bessastaðahreppi í Gullbringusýslu.

1. gr.

Hreppsvegir þeir, sem átt er við í samþykkt þessari, eru: Vegurinn af sýsluveginum á Bessastaðagranda niður að sjó við Bárúhaugseyri, vegurinn af sýsluveginum á Bessastaðagranda um Sviðholt niður í Sandskarð, og frá Sviðholti um Svalbarðstraðir niður að Helgúvík, ásamt öðrum akfærum vegum, sem hreppurinn kann að leggja síðar.

2. gr.

Hreppsnefndin skal sjá um viðhald þessara vega samkvæmt samþykkt þessari.

3. gr.

Öllum viðhaldskostnaði veganna skal hreppsnefnd jafna niður samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

- a. Hver verkfær maður í hreppnum, 20—60 ára, skal greiða 10 krónur árlega til viðhalds hreppsvegnum.
- b. Því, sem þá er eftir af vinnu til viðhalds vegum hreppsins ár hvert, skal jafnað niður á fasteignamatsupphæð allra fasteigna hreppsins, og skulu ábúendur skyldir til að leggja vinnuna fram, og húsbændur gjald verkfærra manna. Þó getur hreppsnefndin undanskilið fasteignir, ef sérstaklega stendur á um not þeirra af vegum.

4. gr.

Hlutaðeigendur skulu vinna að sínum hluta á þeim stað, er hreppsnefnd ákveður.

5. gr.

Nú neita menn að vinna þegar hreppsnefnd skipar fyrir um það og skal þeim þá skylt að leggja fram peninga fyrir vinnu þeirri, er þeim ber að leysa af hendi, miðað við almennit verkakaup í Hafnarfjarðarkaupstað, og hefir gjald það lögtaksrétt.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 200 krónum, er renna í sveitarsjóð, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóv. 1919, staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi 1. maí þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. apríl 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.